

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Krumshólapartur 2, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti nýtt deiliskipulag í landi Krumshólaparts 2 á fundi sínum 11. desember 2025. Deiliskipulagssvæðið er 10 ha að stærð og afmarkast að sunnan af Ferjubakkavegi, að vestan af landi Beigalda og norðan og austan af landi Krumshóla. Landið er landbúnaðarland samkvæmt aðalskipulagi. Markmið deiliskipulags er að skapa skýran ramma um uppbyggingu á svæðinu. Fyrirhugað er að byggja tvö íbúðarhús, skemmu/verkstæði, gróðurhús og útleiguhús. Jafnframt er fyrirhuguð minni háttar raforkuframleiðsla, uppbygging á vindraftstöð og sólarsellum ásamt aðstöðuhúsi til raforkuframleiðslu. Aðkoma að svæðinu er um Ferjubakkaveg (530).

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 6. janúar 2026.

Ásgerður Hafsteinsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B deild - Útgáfudagur: 20. janúar 2026